


Skipulags Stofnun	
Mótt:	26 MARS 2007
Málnr.	

Dagsetning: 22. marz 2007.

Ágæta stofnun.

Efni:

Frummatsskýrsla Vegagerðar Ríkisins á Norðausturvegi til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður, "Mat á umhverfisáhrifum".

Millidalaleið:

Eins og stendur í skýrslunni bls.2, "Yfirlit 1.2. Markmið framkvæmdar", þá er "markmiðið með gerð vegarins fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, draga úr slyshættu vegna veðurfars og tryggja greiðar samgöngur á svæðinu". Á fyrirhugaðri Millidalaleið er hægt að finna einn verulega hættulegan stað hvað umferðaröryggi varðar, en það er þverun Teigarár á brún Skessufossins. Því finnst undirrituðum skjóta skökku við, að einmitt þarna er þverun Teigarár fyrirhuguð samkvæmt teikningu. Þarna geta skapast hálkuaðstaður og ef verður slys þarna, þá verður það stórslys. Einnig munður neðri endi ræsis sem þarna þarf að koma, verða mjög áberandi neðan frá séð og verða forljótt á að líta og umhverfisáhrif því veruleg.

Undirritaður fer fram á að vegstæðinu á þessu svæði verði breytt þannig, að bugða sem er á veglínu skammt neðan við stað 4500, "Teikningar Grunnmynd 6/8", verði milduð eða tekin af og Teigará þveruð á svæðinu milli 200m og 225m hæðarlína og þaðan myndaður bugur niður að fyrirhugaðri námu D-4.

Helst hefði undirritaður viljað sjá Millidalaleiðina fara eftir Teigshrauninu eins og núverandi slóð ~~er~~, þ.e.a.ð. norðan fyrirhugaðrar námu D-3, þvera Teigará um miðja Selmýri nálægt 270m hæðarlínu, suður yfir Selmýrina og síðan bug suður og austur niður að námu D-4. Þetta vegstæði hefði verið mun umhverfisvænna og umferðarvænna en fyrirhugað vegstæði er, að mati undirritaðs.

Í frummatsskýrslunni er ekki gerð kostnaðaráætlun vegna undirgangna og girðinga og er það miður, en undirgöng og girðingar eru frumskilyrði fyrir umferðaröryggi þegar vegir eins og hér um ræðir, eru lagðir í gegnum bújarðir. Undirgöng sem koma eiga að gagni, þurfa að vera nægjanlega víð, svo auðvelt sé að koma skepnum í gegn, fjárhópum og hrossahópum, svo og litlum vélknún-

um farartækjum, Séu notaðir stálhólkar í undirgöng, þurfa þeir að vera a.m.k. 3m í þvermál. Hugsanlega væri rétt að setja ein slík undirgöng á Millidalaleið og hana þyrfti að girða beggja megin til að auka umferðaröryggið. Undirgöng skal ávallt setja niður í fullu samráði við þá sem þurfa að nota þau.

#### Hofsárdalsleið:

Undirritaður telur að umhverfislega séð hefði mátt leggja Hofsárdalsleið á betri stöðum í nokkrum tilvikum, bæði útlitslega og kostnaðarlega. Undirritaður álitur að betra hefði verið að þvera Hofsá innan við Lækjardalinn sem er innan við Hölkná og fara niður með Hofsá Brunamegin út á móti Brunahvammi. Í Brunanum móti Hölkná hefði mátt finna námur, brúin væntanlega ódýrari og umhverfisáhrif á árbotninn þarna innfrá orðið minni.

Brúarstaðið á Hofsá við Tungá er bæði óumhverfisvænt og dýrt, ef farin er Hofsárdalsleið Bustarfellsmegin. Nær hefði verið að fara yfir Tungá eins og gert er ráð fyrir í Hofsárdalsleið Einarsstaðamegin og þvera svo Hofsá rétt innan við Beitarhúsahyllinn, " stöð 22500 Teikningar grunnmynd 6/24", og svo áfram út eins og gert er ráð fyrir. Þessi leið hefði verið mun umhverfisvænni og ódýrari á allan hátt. Umferðaröryggislega þyrfti að girða meðfram veginum frá brú út í Bustarfell og við Bustarfell væri æskilegt að setja tvö undirgöng.

Einarsstaðamegin þarf að girða frá Tungá út í Einarsstaði og svo þaðan út í Þorbrandsstaði ofan vegar. Við Einarsstaði þarf undirgöng. Norðurendi brúar við Þorbrandsstaði, þarf að nýttast sem undirgöng, vegna umferðar með búfé sem þar fer um.

Varðandi námu D-5 er skilt að benda á, að vatnsleiðsla í veiðihúsið Árhvamm liggur þvert í gegnum námusvæðið utanvert.

#### Vesturdalsleið:

Vesturdalsleið virðist allvel í land sett umhverfislega séð og ætlar undirritaður ekki að tjá sig mikið um hana hvað það varðar. Þeir sem betur þekkja til gætu eflaust haft einhverjar skoðanir á því, hvort hnika ætti því vegstaði eitthvað til á vissum stöðum.

Umferðaröryggislega þá þyrfti að girða meðfram þeirri leið innan frá Stekkjarhúsum suður af Hauksstöðum og út úr, út í þorpsgirðingu. Einnig þurfa að koma góð undirgöng a.m.k. við fjárhús út á Hring (hjá Baldri bónda) og við Búastaði. Einnig hugsanlega móti Vakurstöðum, einhversstaðar í Grafarlandinu,


vegna hugsanlegra gönguleiða og hestaferða.

Lokaorð:

Undirritaður ætlar ekki að fara að tína til nokkrar staðreyndarvillur sem eru í frummatsskýrslunni, því þær skipta ekki svo miklu máli hvað veglagninguna varðar, en segja hins vegar að skýrslan hefði mátt vera betur unnin. Hugsanlega þyrfti að taka tillit til einstaks gróðurs á Hofsdalsleið Einarstaðamegin, en það er smávægilegt.

Latur undirritaður þar með þessari umfjöllun um fyrrnefnda frummatsskýrslu Vegagerðarinnar lokið.

Virðingarfyllst.



Pétur Valdimar Jónsson bóndi  
Teigi, Vopnafirði.